



**VIÐHORF AÐILDARFÉLAGA  
- VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS -  
FEBRÚAR 2009**

# **NIÐURSTAÐA VIÐHORFSKÖNNUNAR VIÐSKIPTARÁÐS**

**Viðhorf aðildarfélaga Viðskiptaráðs Íslands til afleiðinga  
bankahruns, rekstrarstöðu fyrirtækja og nauðsynlegra aðgerða  
til endurreisnar hagkerfisins**

**VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
KRINGLAN 7  
103 REYKJAVÍK  
ÍSLAND**

**FEBRÚAR 2009**

**RIT ÞETTA MÁ AFRITA MEÐ LEYFI  
VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS**

# INNGANGUR

Í tilefni af Viðskiptaþingi sem halda átti 4. febrúar 2009 kannaði Viðskiptaráð hug aðildarfélaganna til afleiðinga bankahrunsins á rekstrarstöðu fyrirtækja þeirra, stöðu stjórnarsýslu, aðgerða til úrbóta og afstöðu til Evrópusambandsaðildar. Þetta var gert í formi könnunar sem send var þátttakendum, öllum aðildarfélögum í Viðskiptaráði, með tölvupósti. Það er til marks um áhuga félagsmanna á málefninu að svarhlutfall reyndist ríflega 60%, sem er mjög viðunandi fyrir þetta form könnunar, sérstaklega þegar haft er í huga að í úrtakinu voru eingöngu æstu stjórnendur eða forsvarsmenn íslenskra fyrirtækja.

Vegna stjórnsmálalegra aðstæðna og óvissu var Viðskiptaþingi frestað fram í mars, en rétt þótti að birta niðurstöður könnunar Viðskiptaráðs fyrr þannig að þær gætu nýst til leiðsagnar í umbótastarfinu sem nú er brýnt að eigi sér stað. Rétt er að taka það fram að könnuninni var lokað 20. janúar og ljóst að einhverjar af þeim breytingum sem þátttakendur nefna eru nú þegar gengnar eftir.

## Rekstrarstaða fyrirtækja

Afleiðingar hruns íslensku viðskiptabankanna í október 2008 koma nú æ betur í ljós. Fjöldi fyrirtækja hefur þegar lent í verulegum rekstrarvandráðum. Ríflega helmingur þátttakenda í könnun Viðskiptaráðs telur að rekstrarstaða sinna fyrirtækja eigi enn eftir að versna á næsta hálfu árinu, með tilheyrandi fækkun starfsfólks. Meginástæður erfiðleika í rekstri nú röktu aðildarfélagar Viðskiptaráðs til falls krónunnar, hás vaxtastigs, samdráttar í eftirspurn og takmarkaðs aðgangs að lánsfé. Að mati flestra þátttakenda hafa stjórnvöld ekki gert nóg til að koma til móts við fyrirtæki í erfiðu rekstrarumhverfi, þrátt fyrir að það sé metið svo að þau hafi haft til þess nokkuð svigrúm. Engu að síður má ljóst vera að staða ríkissjóðs sé þröng um þessar mundir og á enn eftir að þrengjast.

Það sem enn eykur á vanda fyrirtækjanna eru að hnökror virðast vera á þjónustu nýju bankanna, sem stór hluti félagsmanna segir hafa versnað frá því sem hún var fyrir október 2008. Það er athyglisvert að stærri fyrirtæki og fyrirtæki sem eru í alþjóðlegri starfsemi eru líklegri en önnur til að telja þjónusta bankanna hafa versnað. Það má því gera því skóna að grunnþjónusta bankanna, sérstaklega gagnvart smærri fyrirtækjum, hafi haldist sæmilega ólöskuð en þjónusta sem lítur að samskiptum við útlönd hafi orðið verr úti. Orðspor íslenskra fyrirtækja í útlöndum hefur einnig beðið hnekki sem þyngir enn róðurinn, sérstaklega hjá þeim sem eru háðir erlendum birgjum eða viðskiptavinum í starfsemi sinni.

## Breytinga og aðgerða er þörf

Það er auðséð af svörum aðildarfélaga að breytinga var þörf hjá ríkisstjórn og í stjórnsýslu. Fleiri en 9 af hverjum 10 þátttakendum töldu nauðsynlegt að stokka upp í ríkisstjórninni eða gera mannabreytingar hjá Seðlabanka og Fjármálaeftirliti. Hóflægri afstaða þátttakenda til breytinga í ráðuneytum og stjórnsýslu er ekki óeðlileg þar sem um viðameiri starfsemi og fleira starfsfólk er að ræða. Athygli vekur að þrátt fyrir nánast einróma vilja til breytinga hjá ríkisstjórn taldi ríflega helmingur þátttakenda að ekki ætti að boða til kosninga á árinu 2009.

Með þeim breytingum sem síðustu daga hafa orðið á ríkisstjórn og í lykilstofnunum er verið að koma til móts við almenna kröfu um breytingar. Mögulegt er að mikill órói í samfélaginu og ofangreindar breytingar á stjórnarsamstarfi kunni að hafa breytt afstöðu aðildarfélaga til kosninga á árinu frá því sem var er könnuninni var lokað 20. janúar síðastliðinn.

Horft til skemmri tíma töldu þátttakendur mikilvægast að bæta aðgengi að fjármagni, aðallega í formi vaxtalækkana og með því að hið opinbera örvi atvinnulíf með auknu framkvæmdum. Einnig er talið aðkallandi að fram komi raunverulegur stuðningur við lífvænleg fyrirtæki. Til lengri tíma lögðu þátttakendur áherslu á að það þurfi að taka upp annan gjaldmiðil en íslensku krónuna. Flestir vilja taka upp evru, sumir strax en aðrir í kjölfar aðildar að ESB. Einstaka þátttakandi nefnir aðra kosti, eins og til dæmis bandaríkjadollar.

## Afstaða til Evrópusambandsins

Meirihluti aðildarfélaga í Viðskiptaráði er hlynntur því að Ísland sækji um aðild að Evrópusambandinu. Stuðningur við ESB hefur því aukist umtalsvert hjá félögum ráðsins, en samkvæmt könnun frá því í janúar 2008 var þriðjungur aðildarfélaga hlynntur aðildarumsókn á kjörtímabilinu. Um tveir þriðju þátttakenda í könnuninni nú eru þeirrar skoðunar að ESB umsókn hefði jákvæð áhrif á núverandi stöðu efnahagsmála.

## Verkefnalisti stjórnvalda

Það er afar jákvætt að sjá að nýbirtur verkefnalisti nýrrar ríkisstjórnar boðar að á næstu vikum verði komið til móts við mikið af ofangreindum væntingum aðildarfélaga Viðskiptaráðs. Verkefnin tengjast einkum atvinnulífi, heimilum, fjármálakerfi og stjórnsýslu og verður áherslan vonandi á fumlaus vinnubrögð, hraða og skilvirkni. Ríkisstjórnin hefur fyrst og fremst umboð til að úrlausnar á bráðavanda íslenskra fyrirtækja og heimila, en að loknum kosningum í vor er eðlilegt að við taki frekari stefnumörkun og stefnubreyting eftir því sem umboð fæst til.

# LÝSING Á KÖNNUN

---

**Markmið:** Könnunin var unnin fyrir Viðskiptaráð Íslands til að kanna afstöðu aðildarfélaga til afleiðinga efnahagshrunsins, rekstrarstöðu fyrirtækja og nauðsynlegar aðgerðir.

**Aðgerð og framkvæmd:** Vefkönnun var send með tölvupósti af Outcome ehf. Unnið var úr gögnum af Viðskiptaráði Íslands. Ekki var hægt að rekja svör til tiltekinna svarenda.

**Tímabil framkvæmdar:** 30. desember 2008 til 20. janúar 2009. Ítrekun var send tvívegis, það er dagana 7. og 14. janúar 2009.

**Úrtak og svarhlutfall:** Í upphaflegu úrtaki voru 279 aðildarfélagar Viðskiptaráðs og var könnunin send á æðsta yfirmann viðkomandi félags eða staðgengil hans. Svör bárust frá 169 félögum, sem er 61% svarhlutfall.


**Spurningar** Fjórtán spurningar og þrjár greiningarbreytur, sem voru eftirfarandi:

- » Stærð fyrirtækis talin í veltu (þrjú flokkar)
- » Atvinnugrein (sex flokkar)
- » Nánari lýsing á starfsemi (fjórir flokkar)

# NIÐURSTÖÐUR

**Spurning 1.** Hvaða utanaðkomandi þættir valda mestum erfiðleikum í rekstri þíns fyrirtækis um þessar mundir? Hakaðu við þau tvö atriði sem eiga helst við.


Helmingar allra aðildarfélaga Viðskiptaráðs tiltekur veikingu krónunnar sem stærsta vandann í þeirra rekstri, en samdráttur í eftirspurn (36%), hátt vaxtastig (33%) og skert aðgengi að fjármagni (32%) eru svo skammt undan. Háir vextir og skert aðgengi að láns og lausafé virðist koma verr niður á fyrirtækjum með veltu yfir 5 milljörðum en minni fyrirtækjum. Veiking krónunnar virðist svo koma hvað verst niður á fyrirtækjum í verslun og þjónustu.



Svar	Fjöldi	Hlutfall
Veiking krónunnar	84	49,7%
Höft á fjármagnsflutningum	34	20,1%
Verðbólga	30	17,7%
Samdráttur í eftirspurn	61	36,1%
Hátt vaxtastig	55	32,5%
Skert aðgengi fjármagni	54	31,9%
Annað	14	8,3%
<b>Alls</b>	<b>332</b>	<b>100%</b>

**Spurning 2.** Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: Aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja eru fullnægjandi.


Þrír fjórðu aðildarfélaga Viðskiptaráðs er ósammála því að aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja séu fullnægjandi á meðan um 8% telur þær fullnægjandi. Þessi afstaða er óháð stærð fyrirtækja og atvinnugreinum.



Svar	Fjöldi	Hlutfall
Sammála	13	8%
Hvorki né	30	18%
Ósammála	126	74%
<b>Alls</b>	<b>169</b>	<b>100%</b>

**Spurning 3.** *Telur þú að ríkisstjórnin hafi svigrúm til að bæta frekar rekstrarumhverfi fyrirtækja sem eiga í vanda um þessar mundir eða hefur hún ekki svigrúm?*


Verulegur meirihluti aðildarfélaga, eða 88%, telur ríkisstjórnina hafa svigrúm til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja sem eru nú í vanda. Ekki er verulegur munur á afstöðu eftir stærð fyrirtækja, starfsemi eða atvinnugreinum.



Svar	Fjöldi	Hlutfall
Verulegt	52	31%
Nokkuð	97	57%
Ekkert	20	12%
<b>Alls</b>	<b>169</b>	<b>100%</b>

**Spurning 4.** *Hvernig telur þú að rekstrarleg staða þíns fyrirtækis verði eftir sex mánuði m.v. stöðuna í dag?*


Ríflega helmingur (56%) aðspurðra telur rekstrarlega stöðu fyrirtækis síns verða verri eftir hálf ár, miðað við stöðuna í dag. Athygli vekur hinsvegar að 21% aðildarfélaga telur að rekstrarleg staða sinna fyrirtækja muni batna á næstu sex mánuðum. Svo virðist sem fyrirtæki í iðnaði og framleiðslu séu síst svartsýn á horfurnar en hjá fyrirtækjum í upplýsingatækni eða fjarskiptum virðast horfurnar lakastar.



Svar	Fjöldi	Hlutfall
Verri	94	56%
Óbreytt	39	23%
Betri	36	21%
<b>Alls</b>	<b>169</b>	<b>100%</b>

### Spurning 5. Hver er líkleg þróun í starfsmannamálum þíns fyrirtækis næstu sex mánuði?

Tæplega helmingur (46%) aðildarfélaga gerir ráð fyrir að fækka starfsfólki á næsta hálfu árinu, en jafn stór hluti gerir ráð fyrir óbreyttum fjölda. Ráðgerð fækkun starfsfólks virðist helst eiga við í fyrirtækjum sem velta yfir 5 milljörðum (64%) og í upplýsingatækni eða fjarskiptum (76%). Athyglisvert er að gert er ráð fyrir fjölgun starfsfólks hjá nokkrum hluta aðildarfélaga (8%), einkum þeim sem eru í útflutningsstarfsemi (19%).




Svar	Fjöldi	Hlutfall
Fækkað	78	46%
Óbreytt	77	46%
Fjölgun	13	8%
<b>Alls</b>	<b>169</b>	<b>100%</b>

6

### Spurning 6. Telur þú þjónustu banka og fjármálastofnana gagnvart þínu fyrirtæki hafa breyst í kjölfar ríkisvæðingar bankakerfisins?


Ríflega 62% þeirra sem svörðu töldu þjónustu bankakerfisins hafa versnað en 36% töldu hana óbreytta frá því sem var fyrir ríkisvæðingu bankanna. Áberandi er að eftir því sem fyrirtæki eru stærri, m.t.t. veltu, þeim mun meira er þjónustan talin hafa breyst til hins verra. Einnig er áberandi að fjölþjóðleg fyrirtæki (76%) eru líklegri en fyrirtæki í annarri starfsemi til að telja þjónustu banka hafa versnað.



Svar	Fjöldi	Hlutfall
Verri	104	62%
Óbreytt	61	36%
Betri	3	2%
<b>Alls</b>	<b>169</b>	<b>100%</b>

**Spurning 7.** Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: Orðspor og velvild í garð þíns fyrirtækis hjá erlendum aðilum hefur beðið hnekki vegna yfirstandandi efnahagsþrenginga.


Um 58% aðildarfélaganna í Viðskiptaráði eru sammála því að orðspor þeirra hafi beðið álitshnekki erlendis vegna efnahagsþrenginga undanfarinna vikna, en næstum 17% voru ósammála. Það er áberandi að eftir því sem fyrirtæki er stærri, þeim mun líklegri eru þau til að telja ímynd sína hafa laskast, en 75% fyrirtækja með veltu yfir 5 milljörðum töldu svo vera. Athygli vekur að meirihluti fyrirtækja sem tengja sig við sjávarútveg telja orðspor sitt ekki hafa skaðast á undanförunum vikum.



Svar	Fjöldi	Hlutfall
Sammála	97	58%
Hvorki né	43	26%
Ósammála	28	17%
Alls	168	100%

**Spurning 8.** Telur þú ástæðu til að gera mannabreytingar í ríkisstjórn eða í embættismannakerfinu eða er engin ástæða til þess?


Nánast allir (yfir 96%) þátttakendur í könnun Viðskiptaráðs eru þeirrar skoðunar að gera þurfi breytingar á ríkisstjórn eða embættismannakerfi. Þessi afstaða er óháð stærð, starfsemi og atvinnugrein fyrirtækjanna.



Svar	Fjöldi	Hlutfall
Verulegar	103	61%
Einhverjar	60	35%
Engar	6	4%
Alls	169	100%

**Spurning 8a.** Hvar telur þú helst ástæðu til að gera mannabreytingar? Athugið að hægt er að velja fleiri en einn svarmöguleika?

Almennt telja aðildarfélagar Viðskiptaráðs ástæðu til að gera mannabreytingar hjá Fjármálaeftirlitinu (88%), í ríkisstjórn (84%) og hjá Seðlabanka (83%). Tæplega helmingur (44%) taldi ástæðu til slíkra breytinga í ráðuneytum og stjórnarsýslu. Fram kom í opnum svörum („Annað“) að einnig væri ástæða til mannabreytinga í ríkisbönkunum þremur.




Svar	Fjöldi	Hlutfall
Í ríkisstjórn	136	84%
Hjá Seðlabanka	135	83%
Hjá Fjármálaeftirliti	142	88%
Í stjórnarsýslu	72	44%
Annað	13	8%

8

**Spurning 9.** Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að boðað verði til kosninga á árinu 2009?

Ríflegur meirihluti (63%) þátttakenda er andvígur því að boðað verði til kosninga á árinu 2009, en 37% eru hlynnt því. Andstaða við kosningar á árinu er mest hjá fyrirtækjum með yfir 5 milljarða í veltu (72%) og fyrirtækjum í fjölbjóðlegri starfsemi (73%).



Svar	Fjöldi	Hlutfall
Hlynntur	60	37%
Andvígur	103	63%
Alls	163	100%

**Spurning 10.** *Til skemmri tíma hvaða tvær aðgerðir telur þú líklegastar til að stuðla að endurreisn íslenska hagkerfisins?*

Er spurt var um aðgerðir til skemmri tíma má flokka svör þátttakenda í tvo hluta, annarsvegar aðgerðir sem gagnast til að halda uppi virkni atvinnulífs og hinsvegar sem lúta að uppbyggingu tapaðs trausts.

Hvað hið fyrrnefnda varðar lögðu þátttakendur mikla áhersla á að bæta þyrfti aðgengi að fjármagni, þ.e. *lækka vexti* og *grípa þegar til markvissra aðgerða til að styrkja krónuna*. Þetta kemur ekki á óvart því þarna er um að ræða tvo mikilvægustu áhrifaþætti á stöðu og rekstrarumhverfi fyrirtækja. Kallað var eftir áþreifanlegum aðgerðum stjórnvalda til að styðja við *lífvænleg fyrirtæki* og í þeim efnum er mikilvægt að styrkja bankakerfið svo það geti sinnt þörfum atvinnulífsins. Einnig lögðu þátttakendur áherslu að með því að *leggja í auknar opinberar framkvæmdir* væri hægt að örva atvinnulífið og *stuðla þannig að atvinnusköpun*. Mikil áhersla var einnig á að *taka þyrfti upp aðra mynt* eða hefja undirbúning þess hið fyrsta.

Hvað varðar aðgerðir til að byggja upptraust var sérstaklega kallað eftir mannabreytingum á *Alþingi*, *í ríkisstjórn*, *Seðlabanka* og *Fjármálaeftirliti*. Margir nefndu að *umsókn um aðild að Evrópusambandinu* væri forsenda til að *endurvinnna traust*. Slík umsókn hefði strax áhrif og myndi þannig styðja við endurreisn. Kallað var eftir *bættu upplýsingaflæði*, *stefnu* og *fram tíðarsýn af hálfu stjórnvalda*.

Í ofangreindum texta er skáletrun bein vísun í svör þátttakenda.

**Spurning 11.** *Til lengri tíma hvaða tvær aðgerðir telur þú líklegastar til að stuðla að endurreisn íslenska hagkerfisins?*

Þegar þátttakendur voru spurðir um aðgerðir til lengri tíma var lang mest áhersla lögð á mikilvægi þess að *taka upp aðra mynt* en íslensku krónuna og *tryggja þannig stöðugleika í gengismálum til framtíðar*. Margir þeirra sem nefndu þann kost voru á því að nauðsynlegt væri að *ganga í ESB* og *taka upp evru* og einhverjir nefndu *einhlíða upptöku á öðrum gjaldmiðli*.


Margir þátttakenda töldu brýnt að *styrkja efnahagsstjórn*, *draga úr umsvifum ríkisins* og *tryggja áframhaldandi markaðsbúskap*, t.d., með því að *ríkisvædd fyrirtæki komist sem fyrst í hendur frambúðareigenda*. Einnig að mikilvægt væri að *opna fyrir og tryggja erlenda fjárfestingu* og *stuðlað væri að innkomu erlendra banka*, mögulega með sölu á *íslensku ríkisbönkunum*.

Töluvert var bent á nauðsyn þess að *styrkja stofnanir og stjórnsýslu* og *koma á þrískiptingu ríkisvalds í verki en ekki eingöngu í orði*. Að lokum var nefnt að *standa þyrfti vörð um menntun*, sem einn af hornsteinum framtíðar landsins.

Í ofangreindum texta er skáletrun bein vísun í svör þátttakenda.

### Spurning 12. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu?

Ríflega helmingur (56%) aðildarfélaga í Viðskiptaráði er hlynntur því að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu (ESB) en tæplega 30% eru því andvíg. Um 15% voru á báðum áttum. Fulltrúar fyrirtækja sem velta meira en einum milljarði (63%) virðast frekar hlynntir aðildarumsókn en fulltrúar minni fyrirtækja. Á sama hátt eru fyrirtæki í iðnaði og framleiðslu jákvæðust í garð aðildar (68%) en fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi eru flest andvíg aðild (70%).<sup>1</sup>




Svar	Fjöldi	Hlutfall
Hlynnt(ur)	94	56%
Hvorki né	25	15%
Andvíg(ur)	50	29%
Alls	169	100%

10

### Spurning 13. Hvaða áhrif telur þú að umsókn um aðild að ESB hefði á núverandi stöðu efnahagsmála?

Flestir þátttakenda (yfir 64%) líta svo á að umsókn um aðild að ESB hefði jákvæð áhrif á núverandi stöðu efnahagsmála, 22% telja slíka umsókn engin áhrif hafa og 14% telja áhrifin neikvæð. Fulltrúar fyrirtækja í iðnaði og framleiðslu (76%) annarsvegar og fjármálageira hinsvegar (75%) eru líklegri til að telja áhrif aðildarumsóknar jákvæð en í öðrum atvinnugreinum.



Svar	Fjöldi	Hlutfall
Jákvæð	109	64%
Engin áhrif	37	22%
Neikvæð	23	14%
Alls	169	100%

<sup>1</sup> Þess ber að geta að vegna fárra fyrirtækja í sjávarútvegi í úrtaki könnunar er varlegt að draga ályktanir um afstöðu atvinnugreinarinnar út frá niðurstöðum. Til að mynda er mögulegt að andstaða íslensks sjávarútvegs við aðild að ESB sé víðtækari en þessar niðurstöður gefa til kynna



VÍSSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS